

*Alþingi**Erindi nr. Þ/13/770**komudagur 4 13 1991*

**Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar  
Páll Pétursson, formaður**

**Efni: Umsögn BHMR um mál nr. 320 og mál nr. 321**

### **1. Almennt**

Til þessa hefur ekki verið til heildstæð löggjöf um fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Með fyrirbyggjandi frumvörpum er gerð tilraun til heildstæðrar lagasetningar í þessum efnum. Annars vegar er lagt fram frumvarp til laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og hins vegar fylgifrumvarp til að tryggja samræmingu við önnur lög sem taka á þessu máli.

Einkenni þessara frumvarpa er sú stefna að auka verulega heimildir útlendinga til fjárfestinga í atvinnurekstri á Íslandi. Jafnframt er stefnt að því að koma á fót eftirliti með fjárfestingum erlendra aðila og safna kerfisbundið um þær upplýsingum. Þá er haft að markmiði að setja þessar fjárfestingar í einu og öllu undir íslenska löggjöf, t.d. skattalög, og íslenska dómstóla.

Samtímis almennt rýmkun á möguleikum erlendra aðila til fjárfestinga í atvinnurekstri byggir frumvarpið á þeirri stefnu stjórnvalda að full yfirráð Íslendinga verði tryggð yfir náttúruauðlindum til lands og sjávar. Þessi stefna kemur fram í frumvörpunum í takmörkunum á heimildum erlendra aðila til fjárfestinga á sviði fiskveiða, fiskvinnslu og virkjana fallvatna og jarðhita. Einnig eru takmarkanir varðandi fjárfestingar í fjölmiðlum, viðskiptabönkum, flugrekstri og fasteignum.

### **2. Um einstakar efnisgreinar aðalfrumvarps**

- 1.-2. grein fela í sér skilgreiningar.
3. grein felur í sér þá almennu reglu að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri á Íslandi.
4. grein fjallar um undantekningar frá meginreglu 3. greinar. Höfuðundantekningin er sú að einungis íslenskum ríkisborgurum er heimilt beint eða óbeint að stunda fiskveiðar í íslenskri landhelgi eða vinnslu sjávarafurða í landi eða eiga virkjunarréttindi eða stunda orkuvinnslu eða orkudreifingu. Ennfremur er eignarhlutur erlendra aðila í

flugrekstri bundinn við 49% að hámarki og í viðskiptabönkum bundinn við 25%. Þá eru fjárfestingar erlendra ríkja beint eða óbeint háðar leyfi viðskiptaráðherra og leyfi ráðherra þarf einnig fyrir fjárfestingum umfram 250 milljónir (m.v. júniverð 1990) á einu almanaksári. Erlendur aðili má einungis eiga fasteign sem nauðusnleg er vegna atvinnustarfsemi hans.

5. grein fjallar um tilkynningarskyldu erlendra fjárfestingaraðila til Seðlabanka Íslands.
- 6.-7. grein veita erlendum fjárfestingaraðila heimildir til nauðsynlegra fjármagnsflutninga.
8. grein kveður á um lögheimilisskyldu framkvæmdastjóra og stjórnarmanna á Íslandi sem ráðherra getur veitt undanþágu frá.
9. grein fjallar um valdsvið ráðherra.
10. grein fjallar um nefnd til umsagnar um leyfisveitingar.

### 3. Afstaða stjórnar BHMR

Stjórn BHMR telur að það hafi verið tímabær ákvörðun að setja niður nefnd til að leggja fram tillögur að heildstæðri löggjöf um fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi.

Með heildstæðri endurskoðun á lögum um þetta efni gefst nú tækifæri til að tryggja **eðlilegan yfirráðarétt** Íslendinga yfir auðlindum landsins sem er forsenda fyrir sjálfstæðu og þróttmiklu þjóðfélagi hér á landi. Með heildstæðri löggjöf er einnig hægt að leggja grundvöll að **eðlilegu jafnræði** milli erlendra aðila og Íslendinga og setja **öflugar leikreglur** í viðskiptum á Íslandi til að tryggja **réttarstöðu** allra hlutaðeigandi aðila. Með slíkri löggjöf er einnig unnt að setja erlendum aðilum skýrar reglur um þau atriði sem kunna að vera öllum Íslendingum ljós en við viljum að aðrir virði einnig. Íslensk lög eiga að sjálfsögðu að taka mið af fyrirkomulagi annarra þjóða í þessum efnum en meginmarkmiðið hlýtur engu að síður að vera hitt að **þjóna grundvallarhagsmunum Íslendinga**.

Stjórn BHMR hefur ákveðnar efasemdir um efni 3. greinar, sem gerir að almennri reglu heimild erlendra aðila fjárfesta í atvinnurekstri á Íslandi.

Burðarás íslenska hagkerfisins er sjávarútvegur. Hann hvílir á lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi og skyldum lögum um sjávarútveg. Þennan rétt hafa Íslendingar stöðugt verið að auka sér til handa, ekki síst með stækkun landhelginna. Með þessum athöfnum hafa Íslendingar í raun tryggt sér eignarhald og umráðarétt yfir einhverjum gjöfulustu fiskimiðum heims í 200 mílna lögsögu umhverfis landið. Þessi stefna hefur komið í veg fyrir að erlend stórútgerð eyðilegði fiskimiðin með ofveiðum og búið í haginn fyrir öflugra útgerð og fiskvinnslu í eigu Íslendinga. Stjórn BHMR beinir þeim tilmælum til alþingis að það tryggi algeran og ótvíráðan yfirráðarétt Íslendinga yfir sjávarútvegi og fiskimiðum. Stjórn BHMR leggur einnig áherslu á

að eignar- og ráðstöfunarréttur Íslendinga yfir virkjanaréttindum, orkuvinnslu og orkudreifingarkerfi verði alger, þrátt fyrir setningu laga af því tagi sem hér um ræðir.

Stjórn BHMR telur undantekningar frá meginreglu 3. greinar í 4. grein ófullnægjandi. Stjórn BHMR varar einkum við mögulegum áhrifum erlendra fjárfestingaraðila á hvers kyns atvinnurekstur í landinu í gegnum óhindraða bankastarfsemi og aðra fjármálastarfsemi.

Í fyrirliggjandi frumvörpum er gert ráð fyrir að alþingi framselji til viðskiptaráðherra lagasetningarvaldi að hluta. Með 11. grein aðalfrumvarpsins er t.d. gerð sú tillaga að alþingi framselji til ráðherra viðtæku löggjafarvaldi um útfærslu laganna. Stjórn BHMR telur slíkt valdaframsal rangt. Það er hlutverk alþingis að fara með löggjafarvaldið. Lög eiga þess vegna að vera tæmandi um öll meginatriði viðkomandi máls. Í frumvörpum ríkisstjórnarinnar er viðskiptaráðherra einnig ætlað vald til að veita undanþágur af ýmsum toga. Dæmi um þetta er að ráðherra fær vald til að veita erlendum ríkjum heimildir til fjárfestinga gagnstætt meginefni laganna. Annað dæmi að ráðherra geti rýmkað hámarksfjárfestingar einstakra erlendra aðila. Þriðja dæmið er að ráðherra geti hafnað þeim um leyfi til fjárfestinga sem hlotið hefur dóm erlendis. Fjórða dæmið er að ráðherra er veitt heimild til að aflétta skylduákvæðum um búsetu framkvæmdastjóra og meirihluta stjórnar. Öll þessi dæmi sýna að heimildir ráðherra til að fara gegn meginefni laganna eru of rúmar og óeðlilegar. Nauðsynlegt er að hafa skýr lagaþóð.

Stjórn BHMR telur að með frumvarpinu hefði átt að fylgja greining á áhrifum rýmkaðra fjárfestingaheimilda erlendra aðila á íslenskt efnahagslíf.

Stjórn BHMR vill að lokum leggja áherslu á að mikilvægt er að Íslendingar læri að eiga samstarf við útlendinga á grundvelli jafnræðis og gagnkvæmra hagsmuna. Í þessum samskiptum verði óskoruð yfirráð Íslendinga yfir auðlindum landsins tryggð.

*Samþykkt í stjórn BHMR þriðjudaginn 26. febrúar 1991.*